

Stefna Melaskóla

Stefna Melaskóla er að vera framsækinn skóli sem byggir á traustum grunni þar sem vellíðan, samvinna, metnaður og sköpunargleði einkennir starfsumhverfið. Nám og velferð nemenda er sett í öndvegi þar sem inntaki námsins og fjölbreyttum kennsluaðferðum sem taka mið af ólíkum einstaklingum er fléttað saman. Leitast er við að efla félagsfærni nemenda og veita þeim tækifæri til að læra og þroskast. Unnið er markvisst að því að efla sjálfstæði og frumkvæði nemenda í vinnubrögðum. Með því móti vex sjálftraust þeirra og þroski til að bera ábyrgð á eigin námi.

Leitast við að skapa gagnkvæmt traust milli skóla og heimilis þannig að nám og velferð nemenda séu höfð að leiðarljósi og að foreldrar eigi þess kost að vera þátttakendur í námi barna sinna gegnum samstarf við skólann.

Eitt af meginmarkmiðum skólans er að efla umhverfisvitund og sjálfbærni. Í því felst meðal annars að hvetja til góðrar umgengni í skólanum og nánasta umhverfi hans, að leita leiða til frekari endurvinnslu og spara orku, að skapa tækifæri til útikennslu, útivistar og aukinnar hreyfingar.

Áhersla er lögð á að nemendur sýni kurteisi, séu stundvísir og nýti tímann vel. Til að nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum er hlúð að menningu skólans og gildum.

Gildi Melaskóla eru: Vellíðan – Samvinna – Metnaður – Sköpunargleði.

Skólanámskrá

Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár og tekur mið af sérstöðu hvers skóla. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggir á. Þar eru útfærð þau almennu viðmið sem sett eru í aðalnámskrá. Í nýrri aðalnámskrá grunnskóla sem tók gildi árið 2011 er kjarni menntastefnunnar byggður á sex grunnþáttum menntunar sem eru *læsi, sjálfbærni, lýðræði- og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði- og velferð og sköpun*. Grunnþættirnir móta starfshætti, inntak og umhverfi náms og skapa samfellu í námi. Í skólanámskrá eru einnig tilgreind markmið, aðferðir, leiðir, tilhögun námsins og námsmat. Skólanámskráin er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Í skólanámskrá og daglegu starfi er leitast við að endurspegla lykilhæfni aðalnámskrár og menntun til sjálfbærni þar sem fléttað er saman inntaki námsins og fjölbreyttum kennsluháttum sem taka mið af ólíkum einstaklingum.

Stefna Melaskóla er að nemendur

- fái að læra á eigin forsendum (*jafnrétti, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi*)
- fái tækifæri til að nálgast viðfangsefni, ferli og afrakstur á fjölbreyttan hátt (*sjálfbærni, jafnrétti, læsi, sköpun*)
- hafi val milli fjölbreyttra leiða við að nálgast upplýsingar og námsefni, öðlast skilning og þróa afurð námsins (*sköpun, læsi, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi*)
- geti unnið saman að lausn verkefna einstaklingslega, í paravinnu eða litlum hópi (*sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, sköpun, læsi*)
- taki þátt í bekkjarumræðum um viðfangsefni (*sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, heilbrigði og velferð, sköpun, læsi*)

- fái að njóta styrkleika sinna í námi (sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, sköpun)
- séu virkir þátttakendur í námi sínu (sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, sköpun, læsi)
- fái tækifæri til að sýna getu sína í fjölbreyttu námsmati þar sem flestir þættir námsins eru metnir (heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, sköpun, jafnrétti, sjálfbærni,)
- öðlist jákvæða sjálfsmynd með því að fá tækifæri til að máta nýja þekkingu við fyrri þekkingu til að öðlast skilning (heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, sköpun, jafnrétti, læsi)
- finni að þeir eru velkomnir, njóti virðingar, séu öruggir og þroskist (heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti,)
- finni að reiknað er með að þeir skili árangri (læsi, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, sköpun, jafnrétti)